

15. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.07 2015, kl. 13.30

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Deiliskipulag, Hengifoss

a) Fornleifaskýrsla

b) Umsagnir um deiliskipulagstillögu:

HAUST, dags. 18.06

Philip Vogler, tölvupóstur 08.06

Vegagerðin , tölvupóstur 29.05

3. Samningur við Vegagerðina

4. Samþykkt um fráveitumál fyrir sveitarfélög á starfssvæði HAUST, önnur umræða

5. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál

6. Ósk um framkvæmdaleyfi vegna grjótnáms í námu E15, í landi Skriðuklausturs

7. Ullarvinnsla Frú Láru

Punktur frá fundi 25.06

8. Laugafell

Afstöðumynd gámahúss og lagnaleiðir

9. Bréf

EBÍ Brunabót 04.06

10. Umhverfisstyrkir

a) Einar Andrésson og Valdís L Andrésdóttir

b) Skeggi Þormar/Geitagerði ehf

c) Bjarki Már Jónsson, Víðivöllum II

11. Fundargerðir

a) Starfshópur um málefni Hallormsstaðaskóla 23.06 OG 03.07

b) Almannaþingarnefnd Múlaþings 15.06

c) Brunavarnir á Austurlandi 15.06

d) Brunavarnir á Héraði, ásamt ársreikningi 2014

e) HAUST 08.06

f) Félagsmálanefnd 25.06

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Fljótsdalshreppur tók þátt í sameiginlegu verkefni Skógræktarfélags Íslands og sveitarfélaga, er laut að gróðursetningu í tilefni af því að 35 ár eru liðin frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti. Með aðstoð vinnuskólans voru gróðursettar 3 birkiplöntur á lóð Végarðs.

EBÍ hefur tilkynnt aðildarsveitarfélögum að aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ, sem haldinn er fjórða hvert ár, verði haldinn 23.09, n.k. á Grand Hótel, Reykjavík.

Nýr bæklingur fyrir Upphéraðsklassa hefur verið gefinn út.

Austurbrú hefur sent fréttabréf fyrir mánuðina apríl til maí til stofnaðila. Í fréttabréfinu er gerð grein fyrir helstu tíðindum úr starfsemi Austurbrúar.

Inkasso innheimtu fyrirtæki býður sveitarfélögum þjónustu sína og vill gjarnan eiga fund með Fljótsdalshreppi til að kynna starfsemi Inkasso.

Vegna stærðar útboðs sorphirðu á Fljótsdalshéraði, Seyðisfjarðarkaupstað og í Fljótsdalshreppi, þarf að tilkynna útboðið á Evrópska efnahagssvæðinu. Útboðsgögn eru að mestu tilbúin og gert ráð fyrir að þau verði afhent í ágústmánuði.

Stjórn SSA hefur sent aðildarsveitarfélögum drög að dagskrá aðalfundar 2015, og óskar eftir tillögum um málefni sem taka ætti til umræðu og afgreiðslu í nefndum aðalfundarins. Þá óskar SSA eftir tilnefningum til Menningarverðlauna SSA 2015, tilnefningum skal skila fyrir 20. ágúst.

Landsvirkjun hefur sent tvær útgefnar skýrslur: LV-2015-068 Heiðargæsir á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar árið 2014 og LV-2015-071 Vatna-og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2014.

2. Deiliskipulag, Hengifoss

a) Fornleifaskýrsla. Skráðar eru 19 minjar við vettvangsathugun, vörður að mestum hluta en einnig voru skráðar kolagrafir og forn rétt í mynni gilsins. Almennu eru minjarnar ekki taldar í hættu vegna fyrirhugaðra göngustígaframkvæmda.

b) Umsagnir um deiliskipulagstillögu:

HAUST, dags. 18.06. Umsögn Haust verður höfð til hliðsjónar við afgreiðslu deiliskipulagstillögu

Philip Vogler, tölvupóstur 08.06. Ábendingar Philips verða hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu deiliskipulagstillögu.

Vegagerðin, tölvupóstur 29.05. Vegagerðin telur ekki ætti að byggja göngubrú utan á núverandi brú yfir Hengifossá. Oddvita falið að leita eftir skýringum Vegagerðar á þeirri afstöðu.

c) Fyrir liggur frumhönnun og kostnaðaráætlun á stækkun bílastæða við Hengifossá. Stefnt er á að fara í framkvæmdir við bílastæðin á þessu ári, eftir því sem fjárheimildir leyfa.

3. **Samningur við Vegagerðina.** Samþykkt fyrirleggjandi samningsdrög vegna vegaf framkvæmda í Fljótsdal árið 2015. Um er að ræða nýja heimreið og plan við Óbyggðasetur og klæðning á um eins km kafla frá Hrafnkelsstöðum að Vallholti. Oddvita falið að skrifa undir.
4. **Samþykkt um fráveitumál fyrir sveitarfélög á starfssvæði HAUST, önnur umræða.** Sveitarstjórn samþykkir fyrirleggjandi drög fyrir hönd Fljótsdalshrepps.
5. **Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál.** Samningurinn var áður á dagskrá sveitarstjórnar 5. maí. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við þær breytingartillögur sem nú eru lagðar til og felur oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd Fljótsdalshrepps.
6. **Ósk um framkvæmdaleyfi vegna grjótnáms í námu E15, í landi Skriðuklausturs.** Landsvirkjun óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir efnisvinnslu allt að 2000 m³ og fyrirhugar að nota hluta efnisins í sumar, til varna gegn landbroti við Jökulsá. Náman er skilgreind á gildandi aðalskipulagi. Leyfi landeiganda liggur fyrir. Sveitarstjórn felur oddvita að gefa leyfið út. Framkvæmdaleyfisgjald verður kr 25.000-
7. **Ullarvinnsla Frú Láru**

Punktur frá fundi 25.06, sem oddviti sat. Kynnt. Varðar erfiða stöðu fyrirtækisins.
8. **Laugafell**

Verkís hefur unnið afstöðumynd gámahúss/starfsmannahúss, á afstöðumynd koma fram lagnaleiðir skólps, vatns og rafmagns. Kynnt.
9. **Bréf**

EBÍ Brunabót 04.06. Kynnt. Fljótsdalshreppur sótti um styrk til endurbóta á Melarétt, en þeirri umsókn var hafnað.
10. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Einar Andrésson og Valdís L Andrésdóttir, Bessastöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.
 - b) Skeggi Þormar/Geitagerði ehf. Samþykktur hámarksstyrkur.
 - c) Bjarki Már Jónsson, Víðivöllum II. Umsækjandi uppfyllir ekki þá reglu um umhverfisstyrki er snýr að lengd lögheimilisbúsetu, en með tilliti til aðstæðna og að viðkomandi er að koma af stað atvinnustarfsemi, er samþykkt að veita hámarksstyrk.
11. **Fundargerðir**
 - a) Starfshópur um málefni Hallormsstaðaskóla 23.06 OG 03.07. Kynntar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti sölu á Fjósakambi 6, til núverandi leigjenda, með þeirri niðurstöðu um verð sem fyrir liggur. Samþykkt að fá lögmann sveitarfélagsins til þess að leggja mat á lögfræðialit frá Jóni Jónssyni lögmanni um frágang á uppgjöri milli sveitarfélaganna og slit á gildandi samstarfssamningi.
 - b) Almanna varnarnefnd Múlaþings 15.06. Kynnt.
 - c) Brunavarnir á Austurlandi 15.06. Kynnt.
 - d) Brunavarnir á Héraði, ásamt ársreikningi 2014. Kynnt. Niðurstaða ársreiknings er jákvæð.
 - e) HAUST 08.06. Kynnt.

f) Félagsmálanefnd 25.06. Kynnt.

12. Önnur mál.

- a) Eiríkur kynnti minnisblað frá byggingarfulltrúa.
- b) Fyrirspurnir hafa borist um hvort vinnuskúrar við Bessastaði væru til sölu, en engin formleg tilboð komin.
- c) Samþykkt að einn unglingur bættist í hóp vinnuskólustarfsmanna.
- d) Samþykkt að greiða kostnað við ferð starfsmanns Tengis frá Akureyri, vegna tenginga Vodafone við ljósleiðarkerfið kr. 96.929,-.
- e) Samþykkt að kanna verð á tryggingum fyrir sveitarfélagið, með að markmið að ná fram lækkun iðgjalda.
- f) Samþykkt að taka þátt í auglýsingu í Icelandic Times með þjónustuaðilum í Fljótsdal, kostnaður að hámarki kr 50.000- + vsk.
- g) Um síðustu helgi var gert við tvo bleytustaði á slóð í Fjallaskarð, en slóðir á fjöllum eru enn mjög blautir og erfiðir yfirferðar.

Fundi slitið kl 18.25

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)